

(160.000.00 + 2.750.00 + 60.000.00). Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, er reiknast 6% frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu einnig að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jóhannesi Zoëga verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Umbúðaverksmiðjan h/f og Stálumbúðir h/f, greiði in solidum stefnanda, Baldri Álfssyni, kr. 222.750.00 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1965.

Nr. 55/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Lárusi Stefánssyni (Örn Clausen hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Tilraun til manndráps. Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Karls Sig. Jónssonar læknis, dags. 24. maí 1965, um heilsufar Erlu Kjartansdóttur. Segir þar m. a. svo:

„Sjúkl. hefur dvalið að mestu erlendis, síðan hún kom af spítalanum, og alls ekki unnið. Við skoðun nýlega reynd-

ist hún líkamlega hraust, en þó virðist hún ennþá hafa minni mátt í vinstri handlegg. Nýrun virðast nú í fullkomnu lagi. Hins vegar fær hún oft ennþá martröð og hrekkur upp af svefni, er kvíðin og viðbrigðin, lifir ennþá upp atburðinn. Ég tel hana þess vegna alls ekki hafa komiðt yfir hina andlegu áverka.“

Þá hefur einnig komið fram í Hæstarétti vottorð Gunnars Guðmundssonar læknis, dags. 7. júlí 1965. Segir þar m. a. svo um heilsufar Þóreyjar Guðmundsdóttur:

„Síðan Þórey slasaðist, hefur hún haft höfuðverk annað slagið og sem versnar mjög við alla andlega og líkamlega áreynzlu, en sem er þó ekki eins áberandi og s.l. haust. Ekki hefur hún getað verið í skóla í vetur, nema sem óreglulegur nemandi, þar sem hún hefur ekki treyst sér til að lesa, nema mjög takmarkað. Hún hefur verið nokkuð depressiv og óeðlilega viðkvæm, síðan hún varð fyrir árásinni. Þetta er þó mun betra en s.l. haust. Fyrir slysið bar aldrei á neinum höfuðverk, að sögn sjúkl. og móður.

Sköðun: Virðist nokkuð depressiv. Það eru engin einkenni um dysfasi eða dysarthri., og sjúkl. er fullkomlega áttuð á stað og stund.

Nn. kranialis: Heilataugar eðlil.

Motorik: Tonus, trofik, grófir kraftar og refl. eðlil.

Sensibilitet: Eðlil. snerti-, sársauka- og stöðuskyn.

Koordination: Engin einkenni um ataxi. Gangur eðlil.

Sfinkterfunktion: Eðlil.

Heilarit, sem tekið var 10/5 '65, var gerbreytt, frá því sem var í júní '64 og var nú nánast eðlilegt.

Álit: Þórey hefur vafalaust fengið commotio cerebri og jafnframt orðið fyrir verulegu andlegu áfalli í sambandi við áverkann. Þar sem ekki var um alvarlegri höfuðáverka að ræða, og ástandið hefur farið jafnt og þétt batnandi, verða batahorfur að teljast mjög góðar, og ætti hún, mjög sennilega, að fá sig jafngóða og hún var fyrir slysið.“

Telja verður, eftir því sem fram er komið um afleiðingar áverka þess, er Þórey varð fyrir af völdum ákærða, að áverkinn varði við 218. gr. laga nr. 19/1940.

Með framangreindri breytingu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 17.000.00, og laun verjanda síns, kr. 17.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lárus Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 17.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 17.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1964.

Ár 1964, miðvikudaginn 9. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómarara sem dómsformanni og sakadómurunum Gunnlaugi Briem og Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7281/1964: Ákærvaldið gegn Lárusi Stefánssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, útgefinni 11. f. m., gegn Lárusi Stefánssyni rennismíðanema, Hringbraut 84, hér í borg, nú gæzlufanga, fæddum 3. febrúar 1943 í Reykjavík, „fyrir morðtilraun og líkamsárás, um kl. 2230 að kvöldi þriðjudagsins 12. maí 1964, í íbúð á II. hæð hússins nr. 18 við Hraunteig í Reykjavík, þannig:

I. Ráðast á Guðríði Erlu Kjartansdóttur, Hraunteigi 18, fædda 16. september 1945, og stinga hana með skeiðahníf margar stungur, m. a. í vinstri handlegg, brjóst og kvið, í því skyni að svipta hana lífi.

Telst þessi verknaður varða við 211. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ráðast, þegar að árásinni á Guðríði Erlu lokinni, á Þóreyju

Guðmundsdóttur, Hraunteigi 16, 18 ára að aldri, og greiða henni höfuðhög, svo að hún hlaut af varanlegt heilsutjón.

Telst brot þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 217. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér greinir:

I.

Ákærði er sonur hjónanna Þorbjargar Sturlaugsdóttur og Odds Stefáns Ólafssonar verkamanns, Hringbraut 84, hér í borg, og hefur alizt upp hjá þeim. Hann er næstelztur fimm bræðra. Hann gekk í barnaskóla og síðar gagnfræðaskóla hér í borg, og að námi loknu stundaði hann ýmist verkamannavinnu hér eða var í sveit á sumrum. Hann hóf iðnnám 18 ára gamall í Vélsmiðjunni Héðni og hefur lokið 3 árum af námstíma sínum. Hann hefur komið sér vel á vinnustað. Hann hefur ekki neytt áfengis í óhófi, en þó einu sinni sætt 100 króna sekt fyrir ölvun. Þá hefur hann einu sinni sætt áminningu fyrir brot gegn reglugerð nr. 53/1949, en annars aldrei verið kærður fyrir lagabrot fyrr en nú.

Vorið 1962 kynntist ákærði Guðríði Erlu Kjartansdóttur, fæddri 16. september 1945, dóttur Kjartans Klemenzsonar verkamanns, Hraunteigi 18, og konu hans, Ólafíu Sigurðardóttur. Guðríður Erla fór utan skömmu síðar, en eftir heimkomu hennar í september sama ár endurnýjuðu þau kunningsskap sinn, og voru þau nokkuð saman næsta vetur, en bundust þó eigi festum.

Vorið 1963 fór Guðríður Erla enn utan til dvalar í Danmörku og kom hingað aftur í desember. Ákærði sótti eftir, að þau endurnýjuðu fyrri kynni, en Guðríður Erla færðist undan því. Hún fór með honum á dansleik á gamlárskvöld 1963 og á fagnað í Vélsmiðjunni Héðni í janúar s.l., svo eftir það einu sinni í kvikmyndahús, en hún var orðin honum fráhverf og vildi slíta kunningsskap þeirra, þótt ákærði sækti fast á að viðhalda honum.

Vitnið Guðríður Erla segir, að hún og ákærði hafi skemmt sér alloft saman veturinn 1962—63, en af sinni hálfu hafi aldrei komið til greina að bindast honum, og hafi hún hafnað bónorði, er ákærði hafi borið upp við hana, skömmu áður en hún fór til Danmerkur. Hún kveðst hafa sagt við ákærða, eftir að

hún kom aftur, að þau skyldu hætta kunningsskap sínum, og hún segist hafa afþakkað nokkrum sinnum, þegar ákærði hringdi til hennar til þess að bjóða henni út.

Ákærði segir, að Guðríður Erla hafi stöðugt verið í huga hans, eftir að hún fór utan vorið 1963, og hann hafi ekki getað hugsað sér, að annar en hann nyti hennar. Hann kveðst hafa séð Guðríði Erlu í fylgd með öðrum manni síðastliðinn vetur, og hann hafi þá ákveðið með sjálfum sér, að annað hvort skyldi Guðríður Erla verða eiginkona hans eða hann mundi stytta henni aldur.

II.

Þriðjudaginn 12. maí síðastliðinn fékk ákærði leyfi úr vinnu sinni um hádegisbil. Keypti hann sér eina flösku af brennivíni og fór með hana heim og tók að neyta af henni. Frændi ákærða, Þór McDonald, Hringbraut 82, hér í borg, 18 ára að aldri, kom heim til hans og stóð þar við frá því um kl. 14 til 16. Segir hann, að þeir hafi ræðzt við um hitt og þetta, en ákærða hafi verið nokkuð þungt í skapi, án þess hann þó gæti um það, af hverju það stafaði. Ekki hafi talið þorizt neitt að Guðríði Erlu.

Milli kl. 17 og 18 hringdi ákærði til Þorleifs Reynis Steingrímssonar, bónda að Hvammi í Vatnsdal, en ákærði hafði áður verið þar í vinnumennsku. Kveður ákærði svo hafa samizt milli þeirra, að hann skyldi koma norður og vera þar fram að slætti við húsbyggingu. Vitnið Þorleifur Reynir segir, að ákærði hafi falazt eftir starfi, og kveðst hafa sagt honum, að hann gæti tekið hann í vinnu við að byggja verkfærahús, en þó ekki alveg strax, og beðið hann að hringja aftur um 20. maí. Ákærði hafi þá sagt, að hann kæmi bara strax, og ekki getið annars en að hann kæmi einn norður.

Ákærði ákvað nú að láta til skarar skríða, fara heim til Guðríðar Erlu og fá hana til að fara með sér norður, en ráða hana af dögum, ef hún vildi það ekki. Lét hann afganginn af brennivíninu í maltflösku, tók skeiðahníf og stakk í vasa sinn. Hélt hann síðan heim til Guðríðar Erlu að Hraunteigi 18, og mun hann hafa komið þangað milli kl. 19.30 og 20. Þá var þar stödd vinstúlka Guðríðar Erlu, Þórey Guðmundsdóttir, Hraunteigi 16, fædd 30. maí 1945. Voru þær stöllur staddar í eldhúsi, en er ákærði kom, settust þau öll þrjú inn í herbergi Guðríðar Erlu. Þar sátu þau allanga stund og spjölluðu saman. Guðríður Erla brá sér fram í eldhús, líklega um kl. 21, en kom brátt inn aftur.

Um eða skömmu eftir kl. 22 fór Þórey út úr herberginu, átti orðaskipti við móður Guðríðar Erlu, en hélt síðan heim til sín og ætlaði að koma að vörmu spori aftur. Eftir að ákærði var orðinn einn með Guðríði Erlu í herberginu, réðst hann á hana og stakk hana mörgum hnífstungum, en flýtti sér síðan út úr húsinu. Verður nú þessum atburði lýst nánar, eftir því sem hann kemur fram í framburði ákærða og vitna.

Ákærði segist ekki hafa getað talað einslega við Guðríði Erlu, fyrr en Þórey var farin út. Þá hafi hann spurt hana, hvort hún vildi ekki koma með honum norður í land, en hún hafi ekki tekið það sem alvöru og sagt, að hún væri farin að vera með tilteknum manni. Kveður ákærði þá hafa slegið út í fyrir sér, og hafi hann sagt Guðríði Erlu, að enginn annar en hann skyldi fá að njóta hennar, og síðan hafi hann ráðizt að henni og stungið hana með hníf þeim, sem hann hafði tekið með sér, en hve oft man hann ekki. Hann hafi talið hana örenda, er hann hljóp burtu. Hann hafi hraðað sér út og mætt þá Þóreyju Guðmundsdóttur og slegið til hennar og haldið áfram niður stigann og út, náð sér í leigubifreið og látið aka með sig vestur á Grandagarð og látið bifreiðina fara. Síðan hafi hann tæmt vasa sína og látið það, sem í þeim var, á bryggjuna og fyllt vasa sína með steinum og kastað sér í sjóinn í því skyni að drekkja sér, en gagnað á því og synt að landi og klifrað upp á bryggjuna, haldið að kaffivagni, sem var á Grandagarði, og hringt þaðan til lögreglunnar og sagt til sín.

Vitnið Guðríður Erla Kjartansdóttir segir, að Þórey hafi farið úr herberginu laust eftir kl. 22. Þá hafi ákærði farið að tala um það við hana, að hún kæmi með honum norður í Vatnsdal, en hún hafi tekið því fjarri. Hún kveðst hafa setið á stól við skrifborð, og ákærði hafi gengið til hennar og tekið á öxl hennar og sagt, að hann gæti ekki hugsað sér, að annar en hann nyti hennar. Hún hafi sagt honum, að þetta væri einhver vitleysa, hann mundi gleyma henni fljótt. Hún hafi nú séð, að ákærði hafi seilzt í jakkavasa sinn, og hafi hún haldið, að hann ætlaði að taka upp áfengisflösku þá, er hann hafði verið að dreypa á um kvöldið. Skyndilega kveðst Guðríður Erla hafa fundið hnífstungu í vinstra brjóst sitt og heldur, að hún hafi þá borið fyrir sig vinstri hönd, og að við það hafi hnífurinn farið einhvern veginn upp í munn hennar. Þá hafi hún staðið upp af stólnum og ákærði þá tekið í vinstri handlegg hennar, en hann fór úr liði um axlarlið, svo sem síðar getur. Þá kveðst

Guðríður Erla hafa fundið, að hún fékk stungur í kviðinn, og telur sig munu hafa fengið 8 stungur alls. Hún kveðst hafa fallið á gólfið við að ákærði sleppti taki á handlegg hennar. Hún sá þá, að ákærði fór út úr herberginu og að faðir hennar kom inn.

Vitnið Þórey Guðmundsdóttir segir, að ákærði hafi ekki verið að sjá undir áhrifum áfengis, þegar hann kom á Hraunteig 18, en verið með flösku, sem hann hafi verið að súpa á. Hann hafi haft orð um það, að hann væri á förum norður í Vatnsdal, og viljað fá Guðríði Erlu með sér, en hún tekið því fjarri. Hann hafi og haft ummæli um það, að hann hefði ekkert að lifa fyrir. Kveðst Þórey hafa viljað slíta þessu samtali og spurt Guðríði Erlu, hvort hún vildi ekki koma með sér að Bugðulæk 17 til að sækja bók til stúlku, sem býr þar, Guðríður Erla hafi verið fús til þess, en beðið hana að hringja til þess að vita, hvort stúlkan væri heima. Kveðst Þórey hafa farið fram í eldhús til móður Guðríðar Erlu og átt orðastað við hana, litið síðan inn í herbergið aftur og sagt, að hún ætlaði að skjótast heim og ná í kápu sína, og virtist henni Guðríður Erla þá gefa sér merki með því að hreyfa varirnar um, að hún skyldi vera fljót. Kveðst Þórey hafa flýtt sér heim til sín, náð í kápuna og komið til baka að vörmu spori. Er hún hafi komið á útidyratröppurnar á Hraunteig 18 hafi hún heyrt skerandi neyðaróp. Hún hafi haldið upp stigann upp á 2. hæð og mætt þar ákærða, sem komið hafi út úr íbúðinni á hraðri ferð og verið náfölnur í andliti. Ákærði hafi slegið hana krepptum hnefa á vinstri kinn, en haldið svo áfram niður stigann og út.

Vitnið Ólafía Sigurðardóttir, móðir Guðríðar Erlu, kveðst hafa komið heim til sín um stundarfjórðungi eftir kl. 20, og þá hafi hún heyrt mannamál innan frá Guðríði Erlu, m. a. karlmannsródd. Kl. rúmlega 21 hafi Guðríður Erla komið sem snöggvast fram í eldhús og fengið sér eina kekköku, og hafi hún þá sagt, að ákærði væri inni hjá henni, og að hún vildi, að hann færi að fara. Kl. að ganga 23 hafi Þórey Guðmundsdóttir komið fram og sagt ætla að skreppa frá, og hafi hún svo farið út. Skömmu síðar kveðst Ólafía hafi heyrt skerandi óp innan úr herbergi Guðríðar Erlu, og hafi hún skundað þangað svo og Kjartan, maður hennar, sem verið hafi háttaður. Þau hafi mætt ákærða í herbergisdyrunum og séð Guðríði Erlu liggja á gólfinu. Ákærði hafi ýtt við Kjartani og hafi orðið einhver átök milli þeirra, en ákærði hafi síðan þust út og niður stigann. Ólafía

kveðst hafa farið á eftir honum, og er hún kom fram á stiga-pallinn, hafi Þórey verið þar skriðandi á fjórum fótum. Ólafía kveðst hafa kallað á eftir ákærða, en hann hafi haldið áfram út úr húsinu og horfið. Ólafía segist nú hafa farið til herbergis Guðríðar Erlu, sem legið hafi í blóði sínu á gólfinu, og hafi hún hringt til lögreglu og eftir sjúkrafreið, en á meðan beðið var eftir þeim, hafi hún og Kjartan leitast við að klemma saman stærstu skurðina á Guðríði Erlu.

Vitnið Kjartan Klemenzson kveðst hafa komið heim frá vinnu um kl. 19.30, og þá hafi þær Guðríður Erla og Þórey verið í eldhúsinu. Um hálf tíma síðar heyrði hann mannamál úr herbergi Guðríðar Erlu og að þar var staddur karlmaður. Kona Kjartans kom nú og heim og gaf honum að borða. Fylgdist hann ekki um sinn með því, sem gerðist í herbergi Guðríðar Erlu, og um kl. 22 tók hann á sig náðir. Skömmu eftir að hann var háttaður, heyrði hann neyðaróp og hljóp þegar til herbergis dóttur sinnar. Í dyrunum mætti hann ákærða, sem hann segir, að hafi slegið til sín eitt eða tvö högg, en ruðzt svo áfram út úr íbúðinni. Kjartan kveðst þegar hafa farið til Guðríðar Erlu, sem lá á gólfi, og reynt ásamt konu sinni og Þóreyju að klemma saman skurði á líkama hennar til að stöðva blóðrás, en mjög hafi blætt úr sárum hennar.

Eins og fyrr segir, fór ákærði vestur á Grandagarð og kastaði sér í sjóinn í því skyni að drekkja sér, en hvarf frá því og fór í land og hringdi til lögreglustöðvarinnar og sagði til sín. Samkvæmt vætti Sveinbjörns Bjarnasonar lögregluþjóns, sem varð fyrir svörum, var klukkan um 23, er ákærði hringdi. Var hann þá mjög æstur í tali. Hann sagði til nafns síns, hvar hann væri staddur og að hann hefði þá um kvöldið stungið stúlku með hníf. Lögreglumenn voru þegar sendir að kaffivagninum, og sat ákærði þar á bekk og grét og hljóðaði. Hann var fluttur á lög-reglustöðina, en síðan í fangageymslu, og honum gefin róandi sprauta, enda var hann í mikilli geðshræringu og ekki viðmælandi í fyrstu.

Rannsóknarlögreglumenn gerðu vettvangsrannsókn í húsinu nr. 18 við Hraunteig. Íbúð Kjartans Klemenzsonar er á 2. hæð. Herbergi Guðríðar Erlu er í norðausturhorni hússins. Þar er skrifborð við norðurvegg, og þar hafði Guðríður Erla setið, í þann mund er ákærði réðst á hana. Fyrir framan skrifborðið voru miklir blóðfleckir, er náðu út undir mitt gólf. Í ganginum framan við herbergið lá hnifur (dolkur) 18 sm að lengd

(blaðið ca. 8.3 sm). Blaðið var blóðugt. Úr herberginu er gengið út í innri forstofu íbúðarinnar og úr henni í ytri forstofu, en þaðan liggur stigi niður á 1. hæð.

Miðvikudaginn 13. maí var skilað í lögreglustöðina hvítum vasaklút, blóðflekkudum, og slíðrum utan af skeiðahnif, en munir þessir höfðu fundizt á Grandagarði. Kvöldið áður hafði veski ákærða fundizt á sömu slóðum.

Við rannsókn á fatnaði Guðríðar Erlu, þeim sem hún bar umrætt kvöld, kom eftirfarandi í ljós samkvæmt skýrslu tækni-deildar rannsóknarlögreglunnar.

„1. Á *brjóstahaldaranum* er 18 mm löng rifa ofarlega utanvert á vinstra brjósti, og á axlarbandi sömu megin er 10 mm rifa í jaðri bandsins og tvær 3 mm rifur nokkru ofar, allar út úr jaðri bandsins. Allar þessar rifur virðast gerðar með egghvössu verkfæri. 2. Á *sokkabandabelti* er ekkert að sjá, umfram eðlilegt slit. 3. Á *undirpilsinu*, um 5 sm hægra megin við miðju að framan, en 20 mm löng rifa, lárétt, stungin í gegnum bæði byrði, og um 5 sm frá vinstri hliðarsaum er skáhöll rifa 5 sm niður pilsíð. Báðar þessar rifur virðast gerðar með egghvössu verkfæri. 4. Á *plíseraða pilsinu* er á strengnum 23 mm lárétt rifa, um 2 sm vinstra megin við miðju að framan. Á aftanverðu pilsinu er 10 mm rifa ofan í strenginn, um 3.5 sm frá vinstri hlið, og sömu megin eru 3 lóðréttar rifur á pilsinu, 3, 5, 6 og 10 sm neðan við streng, og eru þær, í sömu röð, 4, 26, 26 og 33 mm á lengd. Allar þessar rifur á pilsinu virðast gerðar með egghvössu verkfæri. 5. Á *peysunni* eru átta rifur á vinstri ermi og virðast koma yfir upphandleggsvöðva og í handarkrika, og að auki ein rifa, sem virðist koma á utanvert brjóst. Rifur þessar eru frá 5 til 18 mm langar, en erfitt er að mæla þær nákvæmlega. Á framhluta peysunnar, neðarlega, um miðju, í 8, 4 og 3 sm hæð frá neðri stroffjaðri, eru 3 rifur, allar um 15 mm langar. Allar rifurnar á peysunni virðast gerðar með egghvössu verkfæri.

Talsverð blóðstorka er á peysunni, mest vinstra megin, en einnig eru blóðslettur á miðri peysunni, út á hægra brjóst og ermi.“

Áverkum þeim, sem Guðríður Erla Kjartansdóttir hlaut í umrætt skipti, er lýst á eftirfarandi hátt í vottorði Karls Sigurðar Jónassonar læknis, dags. 18. f. m.:

„Erla Kjartansdóttir, Hraunteig 18, Reykjavík, f. 16. sept. 1945, var lögð inn í Landakotsspítala þ. 12. 5. 1964, kl. 23. Hún

hafði orðið fyrir líkamsárás og verið stungin með hníf rétt áður.

Við komu var stúlkan mjög meðtekin, fól, og blóðþrýstingur lágur, 95/50, og virtist hafa nokkuð blætt úr sárum hennar. Hún var í greinilegu losti (shock). Ekki voru tiltök að rannsaka hana nákvæmlega í þessu ástandi. Var þess vegna þegar í stað flokkað blóð hennar og sett upp blóðgjöf ásamt macrodex til þess að fá upp blóðþrýsting hennar og ná henni úr shockinu. Eftir nokkra stund var blóðþrýstingur orðinn 110/60, og var þá hægt að athuga stúlkuna nánar.

Þetta fannst hjá henni: Í miðlínu milli brjóstholis og nafla er 3ja cm langur skurður, sem reyndist ná alveg inn í kviðarhol. Á vinstri hlið rétt yfir vinstra nýra, er 4 cm langur skurður, sem nær djúpt, og þaðan blæðir nokkuð. Á brjóstvegg frammanverðum vinstra megin eru 3 sár, nokkuð djúp, ca. 1 cm hvert þeirra. Vinstri handleggur er mjög stirður í axlarlið, reynist liðurinn vera genginn úr skorðum (subluxatio humeri). Á upphandlegg vinstra megin er 5 cm langur skurður inn í vöðva. Á vinstra þumalfingri er 2ja cm langur skurður, sem ekki virðist snerta taugar eða sínar. Þ. 13. 5. um kl. eitt árdegis er sj. búin að ná sér það, að henni er treyst til aðgerðar. Er hún þá svæfð með evipan N_2O æther og gerð: I. Sárið á kviðarholi er stækkað með þverskurði og kviðarholið opnað. Talsvert blóð finnst í holinu og sést, að framan á maganum er sár, sem opnað hefur æð, sem blæðir úr. Sárið nær þó ekki gegnum magavegginn. Þessu sári er lokað og síðan kviðarveggnum eftir lögum. Lögð er inn nefslanga niður í magann. II. Skurðurinn yfir vinstra nýra er lengdur skáhallt til þess að komast að nýranu. Finnst, að kringum nýrað er mikið blóðhlaup, og sést, þegar inn að nýranu kemur, að á neðri enda nýrans er 3ja cm langur skurður, sem nær inn í nýrnaskálina. Lagðir eru 2 saumar gegnum nýrnavefinn, og síðan nýrnahlífin (capsulan) saumuð saman. Þá er lagður inn kerri (drain) og sárinu lokað eftir lögum. Lagður var þvagleggur upp í blöðruna, og reyndist þvagið mjög blóðlitað. Þá er axlarliður vinstri settur í réttar skorður (kippt í liðinn), og þessu næst eru öll áður nefnd húðsár saumuð saman með þræði.

Næstu daga er sj. í miklu taugaáfalli, átti erfitt með svefn, gat hrokkið upp með andfælum, upplifði árásina að nýju í svefni. Sárin greru vel, en um nokkurn tíma átti sj. erfitt með að hreyfa vinstri handlegginn og sérstaklega fingurna. Reyndist

það vera vegna meiðsla þeirra, er vöðvar handleggsins urðu fyrir við stunguna. Blæðing frá vinstra nýra hélzt lengi, án þess að um verulega verki væri að ræða. Röntgenmynd sýndi, að nýrað var ekki búið að ná sér.

Sj. lá hér fram í byrjun júlímánaðar, þá reyndist blæðing frá vinstra nýra vera hætt. Fór hún þá að klæðast, en dvaldi hér á sjúkrahúsinu þar til 23. júlí, að hún útskrifaðist. Hún var talin óvinnufær með öllu við brottför.“

Karl Sigurður ber það vitni, að ekki sé hægt að fullyrða um það, hvort nýrað, sem fyrir áverkanum varð, muni ná sér til fulls. Hann segir, að Guðríður Erla hafi vitjað hans einu sinni, eftir að hún fór af spítalanum, en eftir það hafi hann ekki haft hana til meðferðar. Hún hafi hvergi nærri verið búin að ná sér andlega eftir áfallið, og um þá hlið málsins verði enn ekkert fullýrt.

Guðríður Erla fór til Danmerkur í ágústmánuði og hefur dvalið þar síðan. Eru ekki fyrir hendi önnur gögn um heilsufar hennar en þegar hafa verið rakin.

Þórey Guðmundsdóttir var flutt í Slysavarðstofuna að kvöldi 12. maí og kom þangað kl. 23.50. Í vottorði Slysavarðstofunnar, undirrituðu af Erni S. Arnaldssyni cand. med., segir svo: „Við skoðun kemur eftirfarandi í ljós: Fleiður undir vinstra auga, og byrjandi þroti.

Smáblæðing undir húð á vinstra augnloki. Stúlkan kvartar um lítils háttar eymsli undir vinstra auga.“

Þá segir svo í vottorði Jóns Hj. Gunnlaugssonar lækni, dags. 21. maí: „Þórey Guðmundsdóttir, Hraunteig 16, fædd 30. 5. '45, varð fyrir líkamsárás þ. 12. 5. '64, kl. 22.30, að Hraunteigi 18. Hún mun hafa misst meðvitund í bili. Lá í heimahúsum næstu daga vegna höfuðverkjjar og svima og var send á Landakot þ. 19/5 '64 til rannsóknar vegna áðurnefnds áverka.“

Enn segir svo um heilsufar Þóreyjar í vottorði Gunnars Guðmundssonar lækni, dags. 7. október s.l.:

„Frk. Þórey Guðmundsdóttir, fædd 30/5 '45, til heimilis Hraunteig 16, Reykjavík, hefur verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga höfuðáverka, er hún hlaut við líkamsárás hinn 12. 5. '64. Segist Þórey hafa misst meðvitund „augnablik“ við höggið, sem árásarmaðurinn veitti henni, auk þess hlaut hún glóðarauga á vinstra auga. Fyrst á eftir bar töluvert á höfuðverk og miklum kvíða, sem einkum gerði vart við sig, ef hún var ein. Svefn var mjög slæmur um tíma. Var Þórey lögð í St. Jósefs-

spítalann í Rvík til frekari rannsókna skömmu eftir áverkann.

Vegna höfuðverkjar, sem einkum ágerðist við líkamlega og andlega áreynslu, var Þórey ekki fær um að ljúka prófi s.l. vor upp úr 3ja bekk Menntaskólans í Rvík. Ástand hennar er nú mun betra en það var í vor.

Við neurologiskar skoðanir hefur ekki fundizt neitt athuga-vert, nema húðskynstruflun yfir vinstri infraorbitalis. Heilarit (EEG) 15. 6. '64 sýndi breytingar, sem taldar voru afleiðingar höfuðáverkans.

Ég tel of snemmt að gefa nú endanlegt vottorð um batahorfur Þóreyjar, en þar sem hér var um að ræða vægan höfuðáverka, ættu þær að vera mjög góðar. Þórey hefur orðið fyrir allverulegu andlegu áfalli í sambandi við þennan áverka og einnig við að horfa á alvarlega slasaða vinkonu sína, sem var stungin hníf af sama árásarmanni, er veitti Þóreyju höggið.“

Dr. Tómas Helgason yfirlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða að tilhlutun dómsins. Í skýrslu sinni um rannsóknina dregur hann niðurstöður sínar saman á þessa leið:

„Í stuttu máli: Hér er um að ræða vel greindan, en dulan og innilokaðan mann, sem ekki getur tjáð tilfinningar sínar á eðlilegan hátt og á erfitt með að ræða sín eigin vandamál við aðra. Hann er frekar kaldlyndur og vill helst ekki þurfa að taka mikið tillit til annarra, þó að honum sé ljóst vegna hinnar góðu greindar sinnar, að slíkt ber mönnum að gera og hafi yfirleitt gert það. Hann hefur orðið mjög hrifinn af ungri stúlku, þeirri fyrstu, sem honum hefur orðið nokkuð ágenst við, talið sig hálftrúlofaðan henni, þó ekki væri beint talað út um það, en kannske haft gilda ástæðu til að ætla, að svo væri, m. a. vegna tíðra bréfaskrifta, er stúlkan dvaldi erlendis. Það er því eðlilegt, að það yrði jafninniluktum og sambandslausum manni mikið áfall, er stúlkan sleit sambandi þeirra. Vegna skapgerðargalla sinna gat Lárus ekki leitað annarra til að hjálpa sér við að yfirstíga erfiðleikana, sem hann átti í eftir þetta, heldur lokaði allt inni í sjálfum sér. Er hann svo uppgötvar, að stúlkan er farin að vera með öðrum pilti, verður hann yfir sig afbrýðisamur og fyllist lífsleiða. Hann getur hins vegar ekki unnt öðrum þess, sem hann ekki náði sjálfur, og þess vegna finnst honum eina lausnir fyrir sig vera að ráða stúlkuna af dögum, áður en hann stytta sjálfum sér aldur. Hann drekkur í sig kjark til að ráðast á stúlkuna, en brestur kjarkinn, þegar hann ætlar að stytta sjálfum sér aldur.

Álit mitt á Lárusi Stefánssyni er, að hann sé hvorki haldinn meiri háttar geðsjúkdómi né vanti vit, heldur að hann hafi afbrigðilegan persónuleika, sé mjög áberandi kleifhugi, þ. e. á fagmáli kallað schizoid psychopathia. Honum er fyllilega ljóst hvaða verknað hann hefur framið og hvaða afleiðingar slíkt hefur fyrir hann.“

III.

Er þá komið að því að taka afstöðu til ákærunnar samkvæmt þeim gögnum, sem rakin hafa verið.

I) Sannað er með játningu ákærða og framburðum vitna svo og af ummerkjum á vettvangi og áverkum Guðríðar Erlu, að ákærði réðst á hana að tilefnislausu og veitti henni stórfellda áverka með hníf í því skyni að ráða henni bana, og virðist hending ein hafa ráðið, að honum varð ekki að ætlun sinni. Ákærði fór heim til Guðríðar Erlu með þeim ásetningi að svipta hana lífi, ef hún féllist ekki á að koma með honum norður í land. Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 211. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II) Sannað er með framburðum ákærða og vitna, að ákærði sló til Þóreyjar Guðmundsdóttur, er hann mætti henni á leið út úr húsinu, að aflokinni árásinni á Guðríði Erlu. Hlaut hún af því áverka þá í andlit, sem áður greinir, en eigi eru þeir svo alvarlegir, að þeir falli undir 218. gr. hegningarlaganna. Þá þykir dóminum varhugavert að telja nægilega sannað, að andlegt áfall Þóreyjar eftir atburði þessa verði talið ákærða til sakar á þann veg, að honum verði gerð refsing fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna, og er þá haft í huga að ætla má, að það hafi fengið verulega á Þóreyju að koma að vinstúlku sinni, særðri og blóðugri, svo sem lýst hefur verið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 218. gr. hegningarlaganna, en með árás sinni á Þóreyju hefur hann brotið gegn 217. gr. þeirra laga.

Samkvæmt því, sem nú var greint, og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 13. maí síðastliðinn eða samtals í 210 daga. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að láta þessa varðhaldsvist koma að fullu til frádráttar refsingu hans.

Fébotakröfur hafa eigi verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun, kr. 8.000.00, er renni til ríkissjóðs, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur þessi er kveðinn upp af þremur sakadómurum eftir ákvörðun yfirsakadómara og samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Stefánsson, sæti fangelsi í 12 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 13. maí 1964, eða samtals í 210 daga, komi að fullu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1965.

Nr. 146/1946. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Karli Júlíusi Stefánssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu, en eigi leiða þau til breytingar á héraðsdómi, sem staðfesta ber með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.